

Ed.

456. Breytingartillögur

[62. mál]

við frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 22 24. apríl 1965.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr.

1. Við 2. málsg. Málsgreinin orðist svo:

Héraðsráðunautar skulu leita eftir óskum bænda um framræsluframkvæmdir og fyrir 1. maí, í fyrsta sinn 1968, senda stjórn Búnaðarfélags Íslands sundurliðaðar pantanir og áætlanir, hver fyrir sitt starfssvæði, um þá framræslu, sem þeir telja æskilega á hverri jörð næstu fimm árin. Búnaðarfélag Íslands gerir síðan heildaráætlun til næstu fimm ára um, hversu mikið skuli grafa á hverju ræktunarsvæði. Þá skulu héraðsráðunautar árlega, fyrir 1. maí, senda Búnaðarfélagi Íslands endurskoðaðar áætlanir fyrir næsta ár. Búnaðarfélag Íslands lætur síðan framkvæma nauðsynlegar mælingar og annan undirbúning, sem þarf til að bjóða verkið út. Jarðræktarráðunautar þess hafa umsjón með þessum áætlunum og skera úr um vafaatriði.

2. Við 3. málsg. Fyrir orðin „skal skurðgröftur á hverju ræktunarsvæði boðinn út“ komi: skulu framræsluframkvæmdir á hverju ræktunarsvæði boðnar út. — Á eftir orðunum „og ákveður“ komi: ásamt fulltrúa viðkomandi ræktunarsvæðis.
3. Við 5. málsg. Á eftir orðunum „felur stjórn Búnaðarfélags Íslands vélanefnd“ komi: eða öðrum. — Niður falli orðin „með skurðgröfum Vélasjóðs“.
4. Við 6. málsg. bætist:

Ákvæði þetta gildir þó ekki um framræsluframkvæmdir, sem unnar eru á árinu 1968.